

Fimmtudaginn 27. október 1949.

Nr. 15/1949.

**Alþýðusamband Íslands f. h.  
Verklýðsfélags Vestmannaeyja**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands f. h.  
Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja  
vegna Vinnslu- og sölumiðstöðvar  
fiskframleiðenda Vestmannaeyja**

(Björgvin Sigurðsson hdl.).

Varadómendur Benedikt Sigurjónsson  
og Þorsteinn Pétursson í stað Ísleifs  
Árnasonar og Ragnars Ólafssonar.

Deilt um gildi kjarasamnings.

**Dómur.**

Mál þetta er höfðað með stefnu dags. 6. f. m. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Vestmannaeyja gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja vegna Vinnslu- og sölumiðstöðvar fiskframleiðenda Vestmannaeyja.

Tildrög máls þessa eru þau, að í 11. gr. kjarasamnings, sem gerður var 7. sept. 1942 milli stefnanda annars vegar og atvinnurekenda í Vestmannaeyjum hins vegar, er svo samið, að „verði breyting á grunnkaupi verkamanna hjá verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík meðan samningur þessi er í gildi, breytist kaup hér í samræmi við það.“ Samkvæmt þessu ákvæði, sem enn stendur óbreytt, hefur verkamannakaup í Vestmannaeyjum, síðan nefndur samningur var gerður, ávallt breytt, ef samið hefur verið um kaupbreytingar milli Dagsbrúnar og Vinnuveitendafélags Íslands.

Þann 15. júní s.l. féll úr gildi fyrir uppsögn kjarasamningur Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands og með því að samningar höfðu ekki tekizt að kvöldi þess dags, hóf Dagsbrún verkfall næsta dag. Stóð það til 20. s. m., er samningar tokust á ný milli síðast nefndra aðilja. Daginn, sem Dags-

brúnarsamningurinn féll úr gildi, þ. e. 15. júní s.l., gerði Dagsbrún kjarasamning við Olúfélagið h/f. Samkvæmt samningi þessum skyldi grunnkaup í almennri verkamannavinnu og grunnkaup mánaðarkaupsmanna hækka frá því, sem verið hafði í samningi Dagsbrúnar og vinnuveitendafélagsins, þess er niður féll 15. júní, og er það tekið upp í 1. og 2. gr. hans, hvert kaupið skuli vera.

Er sammingsgerð þessi spurðist til Vestmannaeyja taldi stefnandi, að verkamannakaup þar ætti, samkvæmt nefndri 11. gr. sammingsins frá 1942, að hækka til samræmis við kauphækkun þá, er samningur Dagsbrúnar við Olúfélagið h/f fól í sér, og auglýsti stefnandi kauphækkun þar þann 19. júní s.l. Stefndi mótmælti strax kauphækkuninni, þar sem hann taldi, að miða bæri við kjarasamning milli Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands. Stefnandi vildi ekki fallast á þann skilning og höfðaði mál þetta svo sem að framan greinir. Eru dómkröfur hans þær, að stefnda verði dæmt skylt samkvæmt 11. gr. nefnds sammings frá 7/9 1942, að greiða félagsmönnum í Verklýðsfélagi Vestmannaeyja dagana 16.—20. júní s.l., að báðum dögum meðtöldum, kaupgjald það, sem greinir í 1. og 2. gr. framangreinds kjarasammings frá 15. júlí s.l. milli verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík og Olúfélagssins h/f. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málssókn stefnanda er á því byggð, að með framangreindum kjarasamningi milli Dagsbrúnar og Olúfélagssins hafi orðið breyting á grunnkaupi verkamanna hjá Dagsbrún, sem félagsmenn í Verklýðsfélagi Vestmannaeyja skuli samkvæmt framangreindri 11. gr. njóta góðs af. Samningurinn við Olúfélagið 15. júní s.l. hafi verið eini kjarasamningurinn við Dagsbrún, sem þá hafi verið í gildi um kaup í almennri verkamannavinnu, og hafi því borið að miða við hann.

Stefndi hefur hins vegar eindregið andmælt því, að oftnefndur samningur Olúfélagssins og Dagsbrúnar hafi getað valdið breytingum á kaupi félagsmanna í Verklýðsfélagi Vestmannaeyja. Telur hann, að ekki verði miðað við annan samn-

ing en þann, sem í gildi er á hverjum tíma milli Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands. Samningur Olíufélagsins h/f og Dagsbrúnar hafi og aðeins getað snert hagsmuni 15—20 félagsmanna í Dagsbrún, en félagstala þess félags sé hins vegar nálægt 4000. Auk þessa kveður stefndi, að umræddur samningur hafi aldrei komið til framkvæmda.

Samkvæmt því, sem upp er komið í máli þessu, mun framangreint ákvæði 11. gr. samningsins frá 7. sept. 1942 hafa komið inn í samning stefnanda og vinnuveitenda í Vestmannaeyjum það ár. Þá er það og fram komið, að verkamannafélagið Dagsbrún hefur allt frá árinu 1934 samið við Vinnuveitendafélag Íslands um kaup fyrir almenna verkamannavinnu, og að samningar þessara aðilja hafa allt frá þeim tíma og til þessa dags skorið úr um það, hvaða kaup Dagsbrúnarmönnum er goldið fyrir þá vinnu. Það er einnig í ljós leitt, að samtímis því sem Dagsbrún undirritaði samninginn við Olíufélagið h/f 15. júní s.l., var því lýst yfir af hálfu forráðamanna Dagsbrúnar, að ef það félag semdi við Vinnuveitendasamband Íslands um önnur kjör en þau, sem samið var um við Olíufélagið h/f, skyldi umsamið kaup breytast til samræmis við það. Loks má geta þess, að margnefndur samningur milli Olíufélagsins og Dagsbrúnar gat aðeins skipt máli fyrir tiltölulega mjög fáa Dagsbrúnarmenn.

Þegar framangreind atriði eru virt, verður ekki talið, að sú breyting hafi orðið almennt á grunnkaupi verkamanna í verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík með samningnum við Olíufélagið h/f 15. júní s.l., að leitt geti til kaupbreytingar hjá félagsmönnum stefnanda samkvæmt 11. gr. kjarasamningsins frá 7. sept. 1942, og ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

#### Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja vegna Vinnslu- og sölu- miðstöðvar fiskframleiðenda Vestmannaeyja, á að vera

sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Verklýðsfélags Vestmannaeyja, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 600.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Fimmtudaginn 15. desember 1949.

Nr. 18/1949. **Francis Daugaard** (Ólafur Björnsson hdl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h.**

**Matsveina og veitingaþjónafélags Íslands**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Mál hafið. Ómaksbætur.

#### Dómur.

Er munnlegur flutningur máls þessa skyldi fara fram í dag var sótt dómþing af hálfu stefnanda og þess krafizt, að málið yrði hafið. Af hálfu stefnda var dómþing sótt og krafizt ómaksbóta.

Með tilliti til þess að stefndi hefur 8 sinnum sótt dómþing í málinu og búið sig undir að flytja það munnlega þykja ómaksbætur honum til handa úr hendi stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 400.00.

#### Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Stefnandi, Francis Daugaard, greiði stefnda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Matsveina og veitingaþjónafélags Íslands, kr. 400.00 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---